


# Íþróttamiðstöð Búðardal

samkeppnistillaga L

# Verkefnið

Íþrótta- og tómstundarstefna Dalabyggðar er fjölbreytt og metnaðarfull þar sem iðkendum er gert hátt til höfuðs með fjölbreyttu umhverfi fyrir íþrótta- og tómstundarstarf, óháð búsetu, kyni eða annari sérstöðu.

Fjölnota íþróttahús verður ekki bara umgjörð einnar íþróttar heldur samnefnari fyrir fjölþætt starf sem styrkir innviði Dalabyggðar. Þar verður hægt að æfa fjölþættar íþróttir allan ársins hring, eins og aðspila körfubolta, fótbolta, æfa hlaup og gera styrktaræfingar, stunda crossfit og halda jafnvel tónleika, allt undir einu og sama þakinu.

Fjölnota íþróttahús verður sameining margra greina þar sem félagsandi, styrkur og samkennd eru höfð að leiðarljósi og framtíðarsýn Dalabyggðar sem eftirsókanvert og fjölskylduvænt samfélag innan- og utan veggja íþróttahússins.

Arkitektar hafa haft til hliðsjónar skýrslu undirbúningsnefndar og ýtargögn sem send voru í nóvember 2020 og miða arkitektar gögn sín útfrá þeim. Leitast hefur verið eftir einfaldleika í útlit og efnisvali ásamt skilvirkini í tilhögun á innri rýmum, þar sem tengingar fyrir notendur og þá sem starfa í byggingunni séu vel ígrundaðar.

Hið nýja fjölnota íþróttahús er í tillögunni samtengt félagsheimilinu, bæði í gegnum aðalhæð og kjallara, en möguleikar eru einnig á að hafa það stakstætt. Með því að tengja það við félagsheimilið þá gefst kostur á að nýta þau rými sem þegar eru til staðar og styrkja um leið báðar byggingar.



# Forsendur

Forsenda verkefnisins er ósk Dalabyggðar um tillögu að fjölnota íþróttahúsi

Íþróttasalur 660m²
Stoðrými 650-700m²
Sundlaug 260-300m²

Samanlagt heildarflatamál 1570-1660m²

Tillaga L endurspeglar forsögn, ásamt því að sýna fram á framtíðarlausn í góðum tengslum við byggð og samgöngur umfram það að falla vel inn í umhverfið.

Arkitektar hafa lagt mikið upp úr því að byggingin virki ekki stór í samhengi við þá smágerðu byggð sem er fyrir.

Arkitektar hafa leitast eftir því að fjölnota íþróttahúsið skapi sína sérstöðu og virki sem aðdráttarafl fyrir heimamenn og gesti. Einnig hefur verið hugað að útsýnisásum til suðurs og vesturs út á Hvammsfjörð og tekið tilliti til veðurfars með staðsetningu á útikennslusvæðum og útisvæði sundlaugar.



Samkeppnistillaga L

# Efnisáferðir - hugrif

Við val á efnisáferðum hafa arkitektar leitast eftir því að nota fá efni, en fáguð.

Efnisvalið miðar við hagkvæmni í viðhaldi en sé umfram allt fallega samsett.

Efnisvalið er ekki tæmandi þó að tillagan geri ráð fyrir þessum efnum og væri hægt að endurskoða það í áframhaldandi hönnun.

Sporthalle am Rand von Brussel



- Samsetningar á milli efna
- Mannlegur skali í uppskiptingu efnisáferða
- Leitast eftir að draga úr hæð á húsi
- Steypta einingar

Sportahallen in Sargans, Sviss



- Límtré - fallegar samsetningar
- Ljósir litir
- Bjart
- Náttúruleg tenging t.d himinn

Courtyard design



- Ljósgarður - árstíðir
- Náttutuleg birta
- Gróður / náttúrleg tenging



- Uppbygging á modulkerfi
- CLT-einingar
- Límtrés - burður

Scolaire Salvador Allende



Timburklæðning
Náttúrleg tenging
Skipting í skala

timbureiningar + steyptar einingar + gler

# Hugmyndafræði - skýringar









Fjölnota Íþróttabygging

# Skýringar - tengingar




Inngangar/neyðarútgangar



Varðherbergi sjónrænartengingar



Kennarar, beinir aðgangar



Aðgangstýring - lokanir - opnanir



Tengsli rýma, skýringarmynd



Gangar og opið rými



Útsýnisáttir /úti veðri í skjóli



Samkeppnistillaga L

# Ytra og innra útlit

Áhersla er lögð á að heildaryfirbragð byggingarinnar myndi falla vel að umhverfi sínu, aðliggjandi byggð og núverandi byggingu. Einnig er lögð áhersla á að flæði og göngutengingar við skóla, félagsheimilis og innan skólalóðar væru góðar og myndu tengjast á náttúrulegan hátt inn í nýju bygginguna.

Áhersla er lögð á einfaldleika á milli innri rýma, þar sem heildrænt yfirbragð þeirra með uppbroti og stöllunum í þaki myndar stakstæðar einingar sem síðan para sig saman.

Aðkoma að húsinu er frá Miðbraut, en hægt er að koma að húsinu bæði austan og vestan megin við það. Snúningsás fyrir rútur eru nú þegar austanmegin við húsið, en minni snúningsás verður fyrir framan aðalinngang nýbyggingar og núverandi aðalinngangs.

Byggingarnar að utan verða látlausar með efnisáferðum úr timbri, steypu og gleri.



Samkeppnistillaga L



yfirlitsmynd

# Grunnmynd

Aðkoma er frá bílastæði að norðanverðu, inn í anddyri byggingarinnar. Þar er gengið inn í forrými byggingarinnar sem inniheldur móttöku, svæði fyrir skó- og fatageymslu, opið rými/ sal, salerniskjarna og tengingar við núverandi hús. Í móttöku/varðherbergi hefur umsjónarmaður góða yfirsýn, beinar og óbeinar tengingar við sundlaug, íþróttasal, líkamsræktarsal og núverandi byggingu.

Í **andyrri** hússins er gert ráð fyrir færanlegum fatahengjum/skógeymslum, en einnig væri hægt að nýta rými í kjallara núverandi húss sem fatageymslu fyrir stærri viðburði. Skógeymsla er einnig fyrir framan búningsklefa. Úr anddyri byggingarinnar er tenging við 1.hæð og kjallara núverandi byggingar. Möguleiki er á lyftu/ stokkalyftu milli stiga.

**Ljósgarðar** eru staðsettir inn fyrir miðju í millibyggingunni og veitir náttúrulega birtu inn í kjarnan og tengir saman móttöku, búningsherbergi og líkamsrækt. Þeir virka því sem súrefnisgjafar sem koma með ferskt loft og dagsbirtu inn í rýmið og þá helst fyrir líkamsræktina.

**Búningsherbergin** eru staðsett í hjarta byggingarinnar með beinar tengingar við sundlaug, líkamsrækt, íþróttahús og móttöku. Búningsherbergjunum er skipt upp í þurr svæði og blaut svæði með salerni staðsett fyrir miðju. Tæknirými ásamt ræstingu eru einnig tengd búningsherbergjum en eru aðgengileg frá gangi. Við annan enda ljósgarðsins er rými forstöðumanns og kennara með kaffisvæði, sjúkra- og nuddherbergi ásamt búningsherbergi kennara og einstaklinga með sérþarfir. Frá þessum rýmum eru beinar tengingar að sundlaugarsvæði, íþróttahúsi og líkamsrækt, ásamt góðri tengingu að útisvæði til suðurs.

Útiáhaldageymsla og tæknirými eru með aðgengi að utan og eru staðsett á suður-gafli byggingarinnar.

Heildarstærð húss er brúttó 1667m² með tengibyggingu án tengi bygginu er stærðin brúttó 1597m²




1:200 grunnmynd

# Efnisval og uppbygging

**Íþróttahúsið** er hefbundið með áhaldageymslum við útveggi og áhorfendasvæðum fyrir miðju.
Burðakerfi íþróttahúsins er límtréskerfi með súlum og þakbitum.
Sökklar eru forsteyptar-einingar, gólfplata er staðteypt.
Uppbygging veggja eru CLT-einingar, einangrað að utan með steinull, upphengikerfi, 80x80mm viðarklæðningu og álgluggakerfi.

Uppbygging þaks eru límtrésbitar, þverbitar og steinullar samlokueiningar 193mm með ábræddum tveimur lögum af asfalt pappa. Neðan við loft kemur lagnagrind og hljóðísogsplötur. Með þessari uppbyggingu ætti að nást umtalsverður byggingahraði þar sem um einingar er að ræða í burði, veggjum og þaki.

Kostir við að velja CLT að innan er að veggir verða tilbúnir og ekki þarf að fara í umtalsverða inni vinnu með klæðningum og tilheyrandi umstangi.

Að innan verður leitast eftir því að huga að hljóðvist, loftgæðum og birtu.

Lýsing er led lýsing

Gluggatjöld eru rafdrifin og hluti af glervegg til að hindra að sól blindi iðkendur og áhorfendur í íþróttasal.



Samkeppnistillaga L




frá móttöku

# Efnisval og uppbygging

**Sundlaugarsvæðið** er steypt en með sökkla fyrir útveggi úr forsteyptum einingum. Annars er um sömu uppbyggingu að ræða og á íþróttahúsi, burðakerfið eru límtréssúlur og þakbitar úr límtré. Sökklar eru forsteyptar-einingar, gólfplata er staðteypt.
Uppbygging veggja eru CLT-einingar, einangarð að utan með steinull, upphengikerfi og 80*80mm viðarklæðningu og álgluggakerfi.

Þak uppbygging eru límtrésbitar, þverbitar og steinullar samlokueiningar 193mm með ábræddum tveimur lögum af asfalt pappa. Neðan við loft kemur lagnagrind og hljóðísogsplötur fyrir inni sundlaugar.

Að innan er verður leitast eftir því að huga að hljóðvist, loftgæðum og birtu.

Lýsing er led lýsing



sundlaug

# Efnisval og uppbygging

**Miðjubyggingin** er uppbyggð með hefbundum samloku-steypueiningum með sjónsteypu áferð að innan sem og að utan.
Sökklar eru forsteyptir, plata staðsteypt, 80mm ásteypulag með gólfhita sem er vélslípað með vísi að terrasó áferð og söguðum þennslu-rákum sem mynda ferkantað mynstur.

Innveggir eru úr forsteyptum einingum, nema í blautsvæðum og í vissum burðarveggjum sem eru staðsteyptir. Veggir í blautsvæðum eru kvoðaðir og flísalagðir upp í 2,5m.
Gólf í búningsherbergum eru einnig flísalögð, ásamt öllum blautsvæðum.

Þak er viðsnúið flatt þak, holpötueiningar með ásteypulagi, ásoðnu asfaltpappalagi, einangrun, filtdúk, bollakerfi og úthagatorfi.

Að innan verður leitast eftir því að huga að hljóðvist, loftgæðum og birtu.

Lýsing er led lýsing



íþróttahús

Samkeppnistillaga L



SNIÐ A-A
1:200



SNIÐ B-B
1:200



ÁSÝND AUSTUR
1:200



ÁSÝND NORÐUR
1:200



ÁSÝND SUÐUR
1:200



ÁSÝND VESTUR
1:200


úr norðri


úr austri


úr suðri


úr vestri




líkamsrækt



íþróttahús



ljósgarðar/líkamsrækt




forrými


Íþróttamiðstöð Búðardal